

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Óseyri, hjáleið fyrir þungaflutninga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Breytingin felst í því að Óseyri, hjáleið fyrir þungaflutninga, lengist til austurs með ströndinni og tengist Austurvegi austan íbúðarhússins nr. 24 við Austurveg og hluti Austurvegar frá Melgerði að nýrri vegtengingu fellur niður. Landnotkun á lóðinni Austurvegur 24 og svæðinu norðan hennar verður verslunar- og þjónustusvæði í stað annarsvegar íbúðar- svæðis og hinsvegar opins svæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarhraun.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, merkt Ú14 - golfvöllur Keilis, stækkar til vesturs um 16 ha og við það minnkar iðnaðarsvæði norðan álversins í Straumsvík að sama skapi. Svæði fyrir dælu- og hreinsistöð, merkt S25, við Þvottakletta fellur út og í þess stað er gert ráð fyrir dælu- og hreinsistöð fráveitu vestar á svæðinu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, miðsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, frá 1. desember 1993.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Lega Suðurnesvegur frá Breiðumýri að Norðurnesvegi verður áfram í núverandi vegstæði í stað færðslu til suðurs.
- Miðsvæði, íbúðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu norðan við núverandi Suðurnesveg breytist í blandaða landnotkun miðsvæðis og íbúðarsvæðis. Miðsvæði sunnan við Suðurnesveg er skilgreint á sama hátt.
- Íbúðarsvæði sunnan Suðurnesvegur færast saman í eina heild.
- Opið svæði til sérstakra nota vestan við Breiðumýri stækkar.
- Lega stíga breytist og þeir skilgreindir sem aðal-, útivistar- og reiðstígar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.